

SAMÞYKKT

um afgreiðslur byggingarfulltrúans í Grundarfirði skv. 40. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum.

1. gr.

Byggingarfulltrúinn í Grundarfirði afgreiðir, án staðfestingar byggingarnefndar, mál skv. 2. gr. samþykktar þessarar, er falla undir skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum nema þegar um er að ræða umsóknir um nýbyggingar, þ.m.t. viðbyggingar og fjölgun eignarhluta í íbúðarhúsum, gerð skipulagsáætlana og byggingarskilmála, úthlutun lóða, nafngiftir gatna og ákvarðanir um beitingu ákvæða skv. VI. kafla laganna.

2. gr.

Byggingarfulltrúa er heimilt að afgreiða:

1. Umsóknir vegna minni háttar mannvirkja, minni háttar breytinga á innra skipulagi og útliti húsa og eignaskipta.
2. Umsóknir vegna minni háttar breytinga sem verða á mannvirki í framkvæmd.
3. Umsóknir vegna breytinga á hæðarlegu lóða, uppsetningar girðinga, gróðurs og frágangs lóða, staðsetningar gáma á atvinnulóðum, minni háttar skilta á mannvirkjum og lóðum og númerabreytinga húsa og lóða.
4. Yfirfærslu á staðbundnum réttindum iðnmeistara, sbr. gr. 37.2 í byggingarreglugerð nr. 441/1998.
5. Byggingarnefnd getur falið byggingarfulltrúa fullnaðarafgreiðslu teikninga sem liggja fyrir nefndinni en uppfylla ekki ákvæði byggingarreglugerðar um minni háttar atriði.

3. gr.

Byggingarfulltrúa er heimilt að gefa út byggingarleyfi vegna umsókna skv. 1.2.3. og 5. tl. 2. gr. að uppfylltum ákvæðum laganna og þeirra reglugerða, sem settar eru á grundvelli þeirra, úthlutunarskilmálum og öðrum samþykktum Grundarfjarðarbæjar um byggingarmál. Telji byggingarfulltrúi vafa leika á því að uppfyllt séu ákvæði laga, reglugerða og samþykktu, skal hann hlutast til um að umsókn verði lögð fyrir byggingarnefnd til úrlausnar.

4. gr.

Framangreindar afgreiðslur byggingarfulltrúa skulu lagðar fram til kynningar á næsta fundi byggingarnefndar og bókaðar í gerðabók nefndarinnar en ekki teknar þar til annarrar afgreiðslu. Þær skulu síðan hljóta afgreiðslu bæjarstjórnar með sama hætti og samþykktir byggingarnefndar.

Synji byggingarfulltrúi erindi skal hann leggja málið fyrir byggingarnefnd á sama hátt.

5. gr.

Ákvörðunum byggingarfulltrúa samkvæmt samþykkt þessari má skjóta til byggingarnefndar innan 14 daga frá því að aðila varð kunnugt um afgreiðslu byggingarfulltrúa, enda hafi málið ekki þegar verið lagt fram í nefndinni. Um meðferð slíkra mála fer að öðru leyti skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum.

6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Grundarfjarðar staðfestist hér með skv. 4. mgr. 40. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 22. mars 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.